

Skipulagsstofnun  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 12. desember 2008  
Tilvísun: UST20081100082/ki


**Umsögn Umhverfisstofnunar um borun rannsóknarhola við Kröflu, samráð vegna ákvörðunar um sameiginlegt mat.**


Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 17. nóvember 2008, þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um það hvort meta beri umhverfisáhrif fyrirhugaðrar borunar 3 eða 4 rannsóknarhola á háhitasvæðinu við Kröflu sameiginlega með mati á umhverfisáhrifum álvers á Bakka við Húsavík, Þeistareykjavirkjun, stækkun Kröfluvirkjunar og háspennulína frá Kröflu og Þeistareykjum til Húsavíkur. Vísað er til fyrirbyggjandi úrskurðar umhverfisráðherra, dags. 31. júlí 2008, um að fram skuli fara fram sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum álvers á Bakka við Húsavík, Þeistareykjavirkjunar, stækkunar Kröfluvirkjunar og háspennulínu frá Kröflu og Þeistareykjum til Húsavíkur.

Tvö önnur sams konar erindi bárust sama dag varðandi fyrirhugaðar 3 eða 4 rannsóknarholur annars vegar á Þeistareykjum og hins vegar í Gjástykki. Í erindum Skipulagsstofnunar kemur fram að talið er að borun rannsóknarholanna sé á sama svæði og fyrirhuguð orkuvinnsla sbr. tilvitnaðan úrskurð.

Umhverfisstofnun bendir á að í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 er gerður greinarmunur á vinnsluholum og rannsóknarholum. Umhverfisstofnun telur að töluverð umhverfisáhrif geti orðið af borun á rannsóknarholum. Hins vegar er ljóst að ef um eiginlega rannsóknarborun er að ræða getur niðurstaða slíkra borana orðið að ekki sé um vinnsluhæft magn að ræða. Stofnunin telur því ekki sambærileg rök og greinir í framangreindum úrskurði umhverfisráðherra vera fyrir hendi með því meta sameiginlega umhverfisáhrif rannsókna og vinnslu.

Vinðingarfyllst

  
Kristín Linda Árnadóttir  
Forstjóri

  
Kjartan Ingvarsson